



## A-listi Trúnaðarráðs Stéttarfélags Vesturlands fyrir stjórnarkjör 2019



### **Signý Jóhannesdóttir formaður.**

Hún hóf störf hjá Stéttarfélagi Vesturlands 2. jan. 2008. Hún varð formaður félagsins í maí sama ár. Tók við af Sveini Hálfánarsyni, sem starfaði við hlið hennar hjá félaginu til ársloka 2008. Signý hafði áður verið formaður Verkalýðfélagsins Vöku á Siglufirði frá því í apríl 1995 til ársloka 2007, þegar það félag sameinaðist stéttarfélagunum við Eyjafjörð. Hún hafði verið þátttakandi í störfum Vöku frá því að hún var skipaður trúnaðarmaður 17 ára gömul, hóf síðar störf á skrifstofu félagsins 1. sept. 1979. Frá þeim tíma og þar til hún tók við formennsku í félaginu hafði hún komið að málefnum félagsins í 20 ár, ýmist sem starfsmaður eða stjórnarmaður, þó með mislögum hléum.

Þegar Signý kom í Borgarnes hafði hún öðlast víðtæka þekkingu á málefnum verkafólks, kom úr félagi sem hafði gert kjarasamninga fyrir verkafólk, verslunarmenn, iðnaðarmenn og sjómenn. Stéttarfélag Vesturlands hefur samskonar uppbyggingu, þó ekki sjómannadeild. Stjórn Stéttarfélags Vesturlands þekkti vel til starfa Signýjar og sóttist eftir hennar starfskröftum, þegar ljóst var að af sameiningu félaganna fyrir norðan yrði haustið 2007.



### **Baldur Jónsson ritari.**

Baldur hefur verið ritari Stéttarfélags Vesturlands frá stofnun félagsins 2006 og var ritari og um tíma formaður í Verkalýðsfélagi Borgarness. Hann er og hefur verið órjúfanlegur hluti af verkalýðsfélagunum í Borgarnesi og hefur mikla þekkingu á félaginu bæði í nútíð og fortíð. Baldur starfar nú hjá Kaupfélagi Borgfirðinga, en var um árabil bílstjóri hjá MS.



### **Jónína Guðrún Heiðarsdóttir 1. meðstjórnandi**

Jónína kom inn í stjórn Stéttarfélags Vesturlands vorið 2008, sem 1. meðstjórnandi. Hún hefur því átt sæti í stjórn félagsins jafn lengi og núverandi formaður. Jónína er stuðningsfulltrúi og starfsmaður í Frístund hjá Gunnskóla Borgarness ásamt því að vera bóndi í Múlakoti í Lundarreykjadal.